

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir



Upphaf kirkjunnar



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Janie Forest

Þýðandi: Práinn Kristjánsson
Aðlagð af: Ruth Klassen

Saga 55 af 60

www.M1914.org

Bible for Children, PO Box 3, Winnipeg, MB R3C 2G1 Canada

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu, en ekki selja.

Íslenska

Icelandic

Eftir dauða Jesú, voru fylgjendur hans miður sín, og drógu sig í hlé. Er Jesús birtist þeim eftir upprisuna, vissu þeir að hann var lifandi! En - nú mundi hann fara aftur til himnaríkis, þar sem hann hafði alltaf átt heima hjá Guði, föður sínum.

1



Áður en hann fór, lofaði Jesús að senda Heilagan Anda þeim til huggunar og hjálpar.

2




(Jóhannes 15:26).
Tíminn var í nánd!

Síðan fór Jesús heim til himnaríkis, og nokkrum dögum síðar kom Heilagur Andi, eins og Jesús hafði lofað.


3

Svo skeði það, að um 120 af fylgjendum Jesú, komu saman til bænahalds í húsi einu. Skyndilega fylltist húsið af gný af himnum eins og óveður hefði skolið á.




4

Eldtungur kvísluðust og settust á hvern þeirra. Allir fylltust af heilögum anda, eins og Jesús hafði sagt fyrir um.




5

Fylgjendur Jesú tóku nú að tala tungum sem þeir höfðu aldrei lært. Útlendingar á ferð í Jerúsalem hlustuðu á lærisveinana segja frá undursamlegum verkum Guðs á mörgum tungumálum.



6

Þeir voru frá sér numdir af undrun. "Hvað skyldi þetta tákna?" Og sumir sögðu, "Fólkið er drukkíð af víni."




7

Þá sagði Pétur, "Þessir menn eru ekki drukkinnir ... hér er að rættast það sem Jóel spáði fyrir um." Pétur síðan minnti þá á, að fyrir löngu síðan, hafði Guð lofað að senda Heilagan Anda til að blessa fólkið, og hjálpa því.




8

Þá sagði Pétur við fólkið, "Takið sinnaskiptum og látið skírast í nafni Jesú Krists, svo að þið öðlist fyrirgefningu syndanna og gjöf Heilags Anda."



9

Um 3000 manns veittu orði hans viðtöku, tóku skírn, og gerðust þátttakendur í uppfræðslu postulanna. Með tímanum bættust fleiri og fleiri við kirkju Guðs, sem byrjaði með komu Heilags Anda.



10

Kraftur Guðs var að verki í lífum þeirra er trúðu á hann. Dag nokkurn var Pétri gengið upp í helgidóminn til síðdegisbæna.



11

Þar sat maður við musterishliðið er hafði verið fatlaður frá fæðingu. Hann bað þá gefa sér peninga.



12

Þá sagði Pétur, "Silfur og gull á ég ekki, en það sem ég hef, gef ég þér. Í nafni Jesú Krists frá Nasaret, stattu upp og gangtu heill."



13

Pétur tók í hægri hönd hans og reisti hann upp. Hann spratt upp, stóð í fæturna og gekk inn í musteríð. Hann gekk um og stökk, og lofaði Guð.




14

Peir sem urðu vitni að kraftaverkinu voru furðu lostnir. Pétur sagði það vera af krafti Guðs, en ekki hans eigin.




15

Pegar Pétur minnti gyðingana á að Guð hafði reist Jesú upp frá dauðum, reiddust yfirmenn musterisins, lögðu hendur á Pétur og Jóhannes, og settu þá í varðhald. En um 5000 manns tóku trú á Jesú.




16

Morguninn eftir, voru postularnir leiddir fram fyrir öldungaráðið og spurðir, "Með hvaða krafti, eða í nafni hvers gerðuð þið þetta?"



17

Fylltur af Heilögum Anda, Pétur svaraði djarflega, "Í nafni Jesú Krists frá Nasaret, sem þið krossfestuð, sem Guð reisti frá dauðum, í nafni hans stendur þessi maður nú heilbrigður frammi fyrir ykkur."




18

Pétur hélt áfram óhræddur, "Ekki er hjálpræðið í neinum öðrum, og ekkert annað nafn er mönnum gefið um víða veröld sem getur frelsað okkur."



19

Yfirmennirnir höfðu í hótunum við Pétur og Jóhannes og skipuðu þeim. "Héðan í frá megið þið alls ekki tala til fólksins í nafni Jesú."



20




Áður en Heilagur Andi kom, var Pétur hræddur að viðurkenna hollustu sína við Jesú, en ekki lengur.

21



Pétur og Jóhannes svöruðu, "Dæmið sjálfir hvort það sé rétt í augum Guðs, að hlýðnast ykkur fremur en honum. Við getum ekki annað en talað það sem við höfum séð og heyrt."

22



Eftir að ógna þeim enn frekar, slepptu þeir Pétri og Jóhannesi. Þessir djörfu þjónar Guðs, eftir að segja vinum sínum frá, hófu raust sína til Guðs í bæn og þakkargjörð.

23



Að loknu bænahaldi fylltust allir krafti hins Heilaga Anda og dýrkuðu Guð - og kirkjan unga fór vaxandi.

24

Upphaf kirkjunnar

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Postulasögunni 1-4

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130

Guð veit að við höfum öll gert rangt af okkur, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði.

Guð elskar okkur svo mikið að hann sendi son sinn, Jesú, til að deyja á krossi til að borga fyrir syndir okkar. **Jesús lifnaði á ný** og fór aftur til himnaríkis. Nú getur Guð fyrirgefið syndir okkar.

Ef þú vilt snúa baki við syndum þínum, segðu þá eftirfarandi til Guðs: Góði Guð, ég trúi að Jesús hafi dáið fyrir mig, og komið svo aftur til lífs. Ég bið þig nú að koma inni líf mitt og fyrirgefa syndir mínar, svo ég geti öðlast nýtt líf og verið með þér alla eilífð. Hjálpaðu mér að lifa fyrir þig sem Guðs barn. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!